

Mál nr. 10/2011

Ár 2011, þriðjudaginn 21. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 10/2011 (2)

X gegn Y&YY

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 11. apríl 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu Y&YY hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að rakkann XX án þess að rakkinn eða tíkin hefðu gild augnvottorð. Kæran var send kærðu Y&YY til umsagnar með bréfi dagsettu 2. maí 2011 og þeim gefinn andmælafrestur til 30. maí. Andmæli bárust ekki innan tilskilins frests og var kærðu Y&YY send ítrekun með bréfum dagsettum 10. október og gefinn viðbótarfrestur til 17. október. Engin svör bárust við ítrekunarbréfi og var kærðu þá send boð á sáttafund hinn 8. nóvember með ábyrgðarpósti dags. 19. október. Kærðu Y&YY höfðu samband við skrifstofu HRFÍ og báðu um fund með fjarfundabúnaði og var orðið við þeirri beiðni. Á fundinum reifuðu aðilar sjónarmið sín. Ekki náðust sættir og þar sem siðanefnd taldi að ekki kæmu fram frekari gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta, ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var XX paraður við tíkina YY í desember 2010 án þess að rakkinn eða tíkin hefðu gild augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu rottweiler og er rakkinn í eigu kærðu Y&YY. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærðu Y&YY brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða YY nýtti sér ekki skriflegan andmælafrest sinn en á sáttafundi sem haldinn var með kærða Y kom fram að kærðu Y&YY hefðu ekki þekkt reglurnar nægilega vel. Eftir að pörun hafði farið fram höfðu þau fréttir af því að augnvottorð hefði vantað og því hafi þau farið með rakkann í augnskoðun strax og því var við komið eða 25. mars 2011.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið rottweiler:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2010).

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað í desember 2010 hafði rakkinn ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu rottweiler skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hafa kærðu Y&YY því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærðu Y&YY hafa upplýst að hafa ekki kynnt sér reglurnar nægilega vel. Siðanefnd telur það ekki vera afsökun að þekkja ekki reglurnar, þær eru settar með það að markmiði að aðeins sé ræktað undan heilbrigðum dýrum og þó að rakkinn hafi staðist augnskoðun eftir á þá gátu þau ekki séð það fyrir. En kærðu Y&YY hafa ekki svo vitað sé gerst brotleg áður og það því talin viðeigandi og hæfileg refsing að áminna kærðu Y&YY.

Þar sem kærða YY var ekki félagsmaður þegar brot átti sér stað hefur siðanefnd ekki lögsögu yfir háttarni hennar. Kæru á hendur henni er því vísað frá nefndinni.

IV. Niðurstaða

Kæru á hendur YY er vísað frá siðanefnd.

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði Y er áminntur.

f.h siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir